

# Hundalíf í borg: Reykjavík sem rými dýra og manna

Eva Dögg Kristjánsdóttir\* og Karl Benediktsson\*\*

## ÁGRIP

Áhugi landfræðinga á sambandi fólks og dýra hefur aukist í seinni tíð. Líf dýra í borgum er meðal þeirra viðfangsefna sem tekin hafa verið til athugunar af talsmönnum hinnar nýju „dýralandfræði“. Í greininni er fjallað stuttlega um þessar nýju áherslur, en síðan kynntar niðurstöður rannsóknar á rými hunda í miðborg Reykjavíkur. Tekin voru viðtöl við hundaeigendur og sömuleiðis við fólk sem ekki heldur hund. Báðir hópar reyndust jákvæðir í garð veru hunda í borginni, en hundaeigendur finna fyrir skorti á svæðum þar sem hundar geta verið frjálsir. Hundaskítur og hávaði eru það sem helst hrellir hundlausra, og jafnvel hundaeigendur líka. Greininni lýkur með hugleiðingum um borgarskipulagsfræði með tilliti til fjölbreytni mannlífs og dýralífs.

**Lykilorð:** Reykjavík, hundahald, dýralandfræði, borgalandfræði, skipulagsfræði

## ABSTRACT

*A dog's life in the city: Reykjavík as a space of animals and humans*

The interest by geographers in human-animal relations has increased in recent years. The life of animals within cities is among the themes discussed by those promoting the 'new animal geography'. The paper briefly introduces these new approaches and then presents the results of a study about the spaces of dogs in central Reykjavík. Dog owners were interviewed, as well as people who do not have a dog. Both groups were found to be positive towards dogs living in the city, but dog owners complain that there are few spaces where the dogs can run free. Dog excrement and noise are the issues that most bother those who not have a dog, and dog owners in fact too. The paper concludes with thoughts about urban planning that is sensitive to the diversity of human and animal life.

**Keywords:** Reykjavík, dogs, animal geography, urban geography, planning

## INNGANGUR

Oft er fullyrt að spurningar um samband fólks og náttúru séu þungamiðja landfræðinnar. Samt hefur til skamms tíma farið furðu lítið fyrir einum mikilvægum hluta hinnar lifandi náttúru í landfræðilegum rannsóknum. Þetta eru *dýrin*. Á undanförunum árum hefur þó rofað dálítið til í þessum efnum. Landfræðingar hafa tekið til alvarlegrar fræðilegrar umræðu ýmis álitamál sem varða samband fólks og dýra. Ný „dýralandfræði“ er orðin til. Samtímis hefur fræðifólk úr ýmsum öðrum greinum félags- og mannvísinda veitt dýrum og hlutskipti þeirra í (mannlegu) samfélagi aukna athygli.

Þessi grein er innlegg til ofangreindrar umræðu. Umfjöllunarefnið er rými hunda í Reykjavíkurborg. Hundar hafa verið á meðal íbúa borgarinnar frá upphafi, en sambúðin við menska borgarbúa og yfirvöld borgarinnar hefur alls ekki verið hnökralaus. Lengst af var reynt að útiloka hunda af fremsta megni úr borgarrýminu. Þetta hefur þó breyst nokkuð. Markmið greinarinnar er að varpa ljósi á hvernig vist hundum er búin í Reykjavík og hvaða augum eigendur þeirra líta borgarrýmið með tilliti til hunda sinna og þarfa þeirra. Viðhorf hundaeigenda og hundlausra Reykvíkinga til hunda í borginni eru enn fremur borin saman.

\* Department of Geography & Environment, London School of Economics and Political Science.  
E.D.Kristjansdottir@lse.ac.uk.

\*\* Land- og ferðamálafræðiskor Háskóla Íslands. kben@hi.is

Greinin byggir að stofni til á viðtölum sem tekin voru við íbúa í miðborg Reykjavíkur snemma árs 2006. Aðferðafræði og greiningu verður lýst síðar, en í upphafi verður gerð stutt grein fyrir þeim fræðilegu vangaveltum sem að baki greininni liggja. Greinin endar á hugleiðingum um skipulagsmál. Við höldum því fram að í skipulagi borgarinnar þurfi vissulega að taka tillit til hunda – sem og annarra dýra.<sup>1</sup>

## UM DÝR OG LANDFRÆÐI

Hin nýja dýralandfræði er afsprengi gerjunar sem hófst upp úr 1980 í menningarlandfræði almennt. Þar var tekið að fjalla um samband fólks og náttúru á annan hátt en áður og sjónum beint að því hvernig náttúran verður til í huga fólks – hvernig hún birtist sem félags- og menningarleg smíð, sem margvísleg og oft mótsagnakennd merking er hengd við, frekar en sem algildur, efnislegur veruleiki. Hvað með dýrin?

### Staða dýra í vestrænni heimsmynd

Í gegnum aldirnar hefur verið óttalegur vandræðagangur í vestrænni menningu með það hvort og hvernig rétt sé að aðgreina dýr og menn. Lengst af hefur eins konar verufræðileg aðskilnaðarstefna haft yfirhöndina, með djúpar rætur í gyðing-kristilegri menningararfleifð almennt. Hún birtist til að mynda hjá rökhyggjuheimspekingnum Descartes, sem gjarnan er nefndur þegar þetta ber á góma, en hann lagði áherslu á skörp skil anda og efnis. Descartes staðhæfði meðal annars að dýrið væri líkast vél, eða „skynlaus skepna“ eins og oft er sagt í daglegu tali: Tvíhyggja hans er orðin samgróin vestrænni menningu. Tvíhyggja hvers konar hefur að sjálfsögðu gegnt afar stóru hlutverki í allri vestrænni hugsun og hefur jafnvel yfir sér blá þess sem sjálf sagt er – menning/náttúra; náttúra/vél; vél/maður; maður/dýr. Sjálf

tilvist mannsins er álitin hanga á þessum bláþræði – að takast megi að draga skýra línu milli manns og dýrs (O'Rourke 2000; Philo og Wilbert 2000).

Nýlega hafa fjölmargir hugsuðir og fræðimenn sagt þessari svarthvítu og mannhverfu sýn á veröldina stríð á hendur. Í stað hinna skörpu, fyrirframgefnu flokka hefðbundinna vísinda og fræða er nú talað um *verufræði tengsla* og tilvist *blendinga* (Whatmore 2002). Ýmislegt fer á flot við svo róttæka endurhugsun á forsendum tilverunnar. Meðal annars hafa mærin á milli manna og (annarra) dýra orðið þokukennari. Að mati höfunda þessarar greinar má reyndar efast um raunverulega þýðingu af slíkri „flatrí“ verufræði í rannsóknnum, þar sem rannsakendur eru þrátt fyrir allt (bara) mannlegir og allar rannsóknir hljóta að notast við manngerð – menningarleg – hugtök. En alltént felst í þessum hugmyndum þörf áminning um hógværð; að forðast beri að lyfta mannskepnum í sérstakt háseti. Takist þetta gefur það kost á nýjum og ferskum nálgunum að spurningum sem snerta samband dýra og manna (sjá t.d. Gaita 2003; Agamben 2004).

Dýr hafa raunar verið viðfangsefni landfræðinga í langan tíma (Emel ofl. 2002), en hafa oftast verið rannsókuð út frá mannlegu nytsemissjónarmiði. Þetta hefur breyst. Hin nýja dýralandfræði fæst við velferð og menningarlega þýðingu dýra í félagslegu samhengi. Kannað hefur verið hvernig samband dýra og manna hefur þróast með samfélaginu á ólíkum tímum og ólíkum stöðum. Ennfremur hafa ýmsar síðfræðilegar spurningar hlotið athygli, til dæmis hvað varðar réttindi dýra og aðbúnað. Svipaða þróun má merkja í ýmsum öðrum fræðigreinum, til að mynda félagsfræði (Tovey 2003) og heimspeki (McKenna og Light 2004). Á tíunda áratug síðustu aldar hóf einnig göngu sína sérstakt

<sup>1</sup> Efnid hefur að hluta birst áður (Karl Benediktsson 2006; Eva Dögg Kristjánsdóttir 2006).

tímarit um þessi efni, *Society and Animals*. Annað fræðitímarit, *Anthrozoös*, er einnig vert að nefna í þessu sambandi.

### Dýrið kemur til borgarinnar

Ef hægt er að segja að staða dýra almennt hafi lengst af verið frekar óljós í vestrænni menningu, þá hefur staða dýra í borgum valdið sérlega miklum heilabrotum. Athygli þeirra sem fást við rannsóknir á samfélagi og menningu hefur í vaxandi mæli beinst að því að skoða þessa hlið á sambandi manna og dýra (Wolch 1998, 2002). Í sumum þessara rannsókna eru fyrst og fremst skoðuð þau menningarlegu atriði sem tengjast veru dýra í borgum, en margir rannsakendur eru einnig með hugann við siðfræðilegar spurningar og vilja vinna gegn þeirri markvissu útilokun dýra sem þeir telja að mannskepnan hafi byggt inn í borgarsamfélagið.

Útilokunin hefur tekið á sig ýmsar myndir. Þegar borgir Evrópu þöndust út eftir iðnbyltingu voru gerðar ýmsar ráðstafanir til að koma húsdýrum út úr borgarlífinu. Í breskum borgum Viktoríutímans var til að mynda nautgripamörkuðum, sláturhúsum og öðru sem minnti á líf (og dauða) skepnanna smátt og smátt ýtt út fyrir borgarmörkin (Philo 1995). Mikil áhersla var lögð á að halda húsdýrum fjarri til að forða borgarbúum frá snertingu við þá rustalegu sveitaveröld sem þau þóttu gangandi tákni fyrir.

Villt dýr innan borgarmarka hafa löngum verið litin sérstöku hornauga, gjarnan brennimerkt sem „meindýr“. Rottan er nærtækt dæmi (sjá t.d. Edelman 2002). Mannlegir hönnuðir og íbúar borga hafa almennt ekki verið reiðubúnir til að ætla hinu villta neinn stað í borgarrýminu. Reynt er að hrekja slík dýr í burtu eftir fremsta megni, eyða þeim eða að minnsta kosti hafa á þeim strangar gætur. Samt lifir fjöldi villtra dýra í borgum, allt frá kakkalökkum til sléttuúlfa. Þrátt fyrir hvers kyns varnir hafa stærri villidýr meira að segja víða lagt

undir sig borgir að nýju (sjá t.d. Wolch ofl. 1995; Gullo ofl. 1998). Skilningur fer vaxandi á þeirri staðreynd að fyrir þessi aðlögunarhæfu dýr er borgarumhverfið hentugt, „náttúrulegt“ búsvæði. Ívera þeirra í borginni er óumflýjanleg staðreynd sem ber að taka alvarlega, jafnt í daglegri umgengni mannfólksins við þau sem og í fræðilegri umfjöllun og greiningu.

Ef til vill er staða gæludýrsins undarlegust af þessu öllu saman. Hvernig ber að skilja tilvist gæludýra, og hvað þýðir þetta hugtak eiginlega? Nokkrir fræðimenn hafa reynt að glíma við þessa spurningu. Fyrir tæpum aldarfjórðungi lýsti til dæmis húaníski landfræðingurinn Tuan (1984) hvernig gæludýrið er afsprengi valds, sem tengt er umhyggju og væntumþykju á undarlegan og jafnvel myrkan hátt. Þetta taldi hann birtingarform á sammannlegri sálrænni þörf til yfirráða og valdbeitingar. Gæludýrið er undir járnhæl húsbónda síns. Tuan sér reyndar hliðstæður með hinum eiginlegu gæludýrum og ýmsum (öðrum) hópum á jafri samfélagsins, jafnvel plöntum, gosbrunnum og landslagi sem mannskepnan leitast við að móta eftir sínum eigin duttlungum.

Þrátt fyrir að þetta sé býsna sannfærandi, ekki síst í ljósi reglulegra fréttu af gæludýrum sem hafa sætt illri meðferð, þá hafa ýmsir aðrir lítið gæludýrahald mun jákvæðari augum. Fjölmargir hafa fjallað um þýðingu gæludýra fyrir mannlega velferð. Ótal rannsóknir í félagsvísindum og heilbrigðisvísindum hafa sýnt fram á jákvæð áhrif sem umgengni við gæludýr – eða „fylgdardýr“ eins og þau eru gjarnan kölluð í þessum fræðum, á pólitískt kórréttari máta (sbr. Haraway 2003) – hefur á þá sem glíma við andleg eða líkamleg áföll, eða einfaldlega við áhrif ellinnar (sjá t.d. tímaritið *Anthrozoös*, þar sem margar greinar hafa birst um þessi efni). Aðrir hafa séð í gæludýrinu nokkurs konar málsvara sinnar eigin tegundar, eða sem talar máli dýra í heild (Serpell og Paul

1994). Sé lítið til sinnuleysis hins borgvædda samfélags um meðferð dýra almennt – til dæmis í tengslum við verksmiðjubúskap (sem færir borgarbúanum sífellt ódýrari matvæli á borð sitt),<sup>2</sup> þá er erfitt að mæla því í mót að slíks sendifulltrúa sé þörf. Hið auðsveipa gæludýr getur þannig, að mati þeirra sem þessa skoðun aðhyllast, tekið mannfólkið í kennslustund í siðfræði, sem engin vanþörf er á, þótt ef til vill dragi það frekar skammt.<sup>3</sup>

Hvernig sem á það er lítið eru borgir rými sem fólk og dýr – hvort heldur er villt dýr eða gæludýr – deila. Gæludýr búa sér bólstað í borgum við hlið manna, þótt vissulega séu valdahlutföllin ójöfn. Rými gæludýra er bæði að finna utandyra – á strætum borgarinnar, í almenningsgörðum og á húsalóðum – og einnig í skúmaskotum heimilisins. Hvernig er sambúð gæludýra og mannfólks háttað í Reykjavík?

## Dýr í Reykjavík

Ívera gæludýra í Reykjavíkurborg er háð margvíslegum skilyrðum, bæði samþykktum borgaryfirvalda sem og landslögum og reglugerðum. Í flestum borgum hafa auðvitað verið settar reglur, misstrangar að vísu, um gæludýrahald. Og sum gæludýr eru jafnan jafnari en önnur.

Fyrst er að telja þau dýr sem einfaldlega eru óvelkomin – *bestia non grata*. Þetta eru meðal annars öll skriðdýr; slöngur, eðlur og skjaldbökur, sem bannað hefur verið að flytja inn síðan um 1980. Froskar og salamöndrur eru hins vegar ekki bönnuð. Einnig er innflutningur á kóngulóm, skordýrum, rottum og silkikaninum (chinchilla) óheimill án sérstakrar heimildar. En skriðdýrin hafa orðið helsta bitbeinið, enda vinsæl heimilisdýr víða erlendis. Helsta ástæða

bannsins er sú að þeim fylgir ákveðin hætta á salmonellusmiti (Mitchell og Shane 2001). Umdeilt er hins vegar hvort þessi hætta er svo mikil að það réttlæti algert bann. Raunar er fjöldi skriðdýra heimilisfastur í borginni – afkomendur dýra sem komu til landsins áður en bannið var sett, sem og ólöglegir innflytjendur. Þau lifa neðanjarðarlífi á jaftri gæludýrasamfélagsins. Virkur hópur eigenda vinnur að því að fá banninu aflétt og er gjarnan lítið til reynslu og mildari reglna flestra annarra landa. En þetta er tvíbent. Það sem er bannað er jafnan helmingi eftirsóknarverðara en það sem er leyft. Rými slöngunnar getur þannig orðið að rými andófs eiganda hennar við fjarlægð yfirvald sem virkar andlitslaust.

Skrautfiskar og fuglar geta hins vegar komist óhindrað til landsins, sem og ýmis nagdýr. Naggrísir, hamstrar og mýs finnast í mörgu barnaherbergi. Rými þessara dýra er bundið við búrið, með kannski stöku könnunarferð um bók „eigandans“ og jafnvel um herbergi hans eða hennar. Undantekningin eru kanínur, að minnsta kosti þær sem hafa skilið að skiptum við menn. Fjöldi villtra kanína lifir í Öskjuhlíð, sem reyndar er sérkennilegt jaðarsvæði í mörgu tilliti í borginni. Hið næsta við Öskjuhlíðina er kanínunum smátt og smátt að takast að gæða helsta kirkjugarð Reykjavíkur lífi. Nokkrar hafa þegar fíkrað sig lengra.

Kettir eru algengustu gæludýr borgarinnar og þau sem til þessa hafa notið mests frjálsræðis. Kötturinn fer sínar eigin leiðir, eins og þar stendur. Kattalúgur á bakdyrum margra húsa eru tákni um hvernig þeir smeygja sér áreynslulaust á milli innra rýmis heimilisins og hins ytra rýmis sem garðurinn og nágrennið mynda.

<sup>2</sup> Mikil hefur verið skrifað um verksmiðjubúskap á undanförunum árum, ekki síst í Bandaríkjunum. Áhugafólki skal bent á nýlega og afar aðgengilega bók, *The Omnivore's Dilemma* (Pollan 2006), sem fjallar um ógöngur verksmiðjuvæddrar fæðuframléiðslu, bæði úr dýra- og jurtaíkinu.

<sup>3</sup> Almennari siðfræðilega umræðu um samskipti manna og dýra má t.d. finna í Jones (2000).

Viðurkenna ber auðvitað samt að það er hinn mannlegi eigandi lúgunnar sem stýrir stefnu hreyfingarinnar í gegnum þetta hlið milli ólíkra heima.

En jafnvel þótt kattfrelsi sé þannig til-  
tölulega mikið eru nú uppi áform um að  
hemja þetta óstýriláta gæludýr með aðstoð  
alsæistækni nútímalegrar stjórnlistar (sbr.  
Foucault 1977). Tiltölulega nýleg samþykkt  
um kattahald fyrirskipar að allir reykvískir  
kettir skuli merktir með örflögu, sem hönnu-  
að skal samkvæmt ISO-staðli nr. 11784 eða  
11785, og inniheldur 15 stafa kennitölu  
(Reykjavíkurborg 2005). Yfirvöld hafa  
lengi haft áhyggjur af flækingsköttum.  
Í kjölfar mikillar fjölmiðlaumræðu um  
„kattavandann“ árið 2000 var ráðist í  
einkar athyglisverða hernaðaraðgerð til að  
koma þessum dýrum undir manna hendur,  
og jafnvel fyrir kattarnef, ef þannig má  
að orði komast, með því að veiða þau í  
gildrur. Kattaeigendur voru bednir um að  
halda gæludýrum sínum innandyra á meðan.  
Aðgerðin reyndist afar árangurslítill og var  
fljótlega undið ofan af henni þegjandi og  
hljóðalaust. Sérhver af þeim 21 ketti sem  
gómaður var í fyrstu viku hennar reyndist  
réttur og sléttur heimilisköttur (Morgun-  
blaðið 11. febrúar 2000), sem hafði það  
eitt til saka unnið að vera á röngum stað  
á röngum tíma að sinna sínum kattlegu  
verkum.

Hundar eru næstalengustu heimilisdýr  
í borginni. Saga hundahalds í Reykjavík  
er raunar þyrnum stráð. Allt fram til  
ársins 1984 var hundahald bannað, án  
undantekninga. Ef til vill tengdist bannið  
þeirri skoðun, sem var rötgróin í gamla  
bændasamfélaginu, að hundar ættu alls  
ekki heima í borgarumhverfi. Þeir væru  
vinnudýr, hverra staður væri á heiðum  
uppi við hlið bóndans að smala fé, eða  
í besta falli í makindalegum stellingum á  
bæjarhlaðinu að fylgjast með gestum og  
gangandi eða að elta þá fáu bíla sem leið  
ættu fram hjá og gelta eins og sveitahunda

er síður. Einnig bentu vísindin á hlut hunda  
í lífsferli sullaveikibandormsins, en sullaveiki  
í mönnum var verulegt heilbrigðisvandamál  
á Íslandi fram á fyrri hluta tuttugustu aldar  
(Páll A. Pálsson 2004). En freistandi væri  
líka að túlka hundabannið einfaldlega sem  
tilraun óþroskaðs borgarsamfélags – sem  
skorti enn frekar sjálfsöryggi þá en nú – til  
að marka sig skýrt frá sveitasamfélaginu,  
geltandi rökkum þess og jarmandi rollum.

Að sjálfsögðu var engin sátt um hunda-  
bannið í Reykjavík og það var aldrei virt að  
fullu. Undanþágur voru loks leyfðar með  
semingi árið 1984, eftir fræga sennu, sem  
fann sér leið í erlenda fjölmiðla (og hefur  
orðið fræðimönnum að umtalfsni – sjá  
Serpell 1996), þar sem annars vegar komu  
við sögu lögreglufyrirvöld í borginni og  
hins vegar parið Albert (fjármálaráðherra)  
og Lucy (hundur). Hundum tók fljótt að  
fjölga í borginni upp úr þessu. Á seinustu  
árum hefur hert á fjölguninni. Ný hundakyn  
bætast sífellt í hópinn. Smáhundum hefur  
fjölgað sérstaklega mikið. Hundahald hefur  
nú loks verið formlega leyft í Reykjavík, en  
þó með ströngum skilyrðum um skráningu  
og gegn sérstakri greiðslu í borgarsjóð. Eftir  
stendur að nokkrir hlutar borgarrýmisins  
eru skilgreindir af yfirvöldum sem algerlega  
hundfrí svæði, svo sem Laugavegur og  
Miklatún.

Þetta tvíbenta samband hund- og  
mannlegra borgara í Reykjavík varð tilefni  
þeirrar rannsóknar sem nú skal gerð grein  
fyrir. Ákveðið var að skoða sérstaklega  
miðborg Reykjavíkur – þann borgarhluta  
þar sem byggðin er hvað þéttust og sem  
ætti ef til vill að virðast fremur óhagfelld  
hundum til búsetu, til dæmis með tilliti til  
útivistar og hreyfingar. En áður en greint  
er frá niðurstöðum ber að segja nánar frá  
aðferðafræði rannsóknarinnar.

## AÐFERÐIR

Rannsóknin byggir á sextán ítarviðtölum.  
Í helmingi viðtalanna var rætt við hunda-

eigendur í miðborginni og jafnmörg viðtöl voru tekin við miðborgarþúa sem ekki eiga hund. Hundaeigendur voru valdir með markvissu úrtaki (sbr. Esterberg 2002) út frá landfræðilegri dreifingu og hundategund. Aðrir viðmælendur voru valdir með veltiúrtaki, en þá bendir fyrsti viðmælendi rannsakanda á þann næsta og svo koll af kolli.

Ítarviðtölin vöruðu frá tuttugu mínútum upp í eina og hálf klukkustund. Viðtöl við hundaeigendur voru að jafnaði lengri en viðtöl við þá sem ekki áttu hund. Viðtölin voru hljóðrituð í öllum tilvikum nema einu, en þá voru teknir skriflegir punktar. Helmingur viðtalanna var afritaður og greindur að því loknu, en seinni helmingurinn var

greindur beint af upptökunni til að hraða ferlinu. Í töflu 1 eru grunnupplýsingar um hundaeigendurna og hunda þeirra, ásamt upplýsingum um heimilisaðstæður. Einnig er þar nefnt hvort viðkomandi hundur er skráður hjá Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkurborgar. Í töflu 2 eru viðmælendur sem ekki eiga hund. Til að gæta nafnleyndar hefur nöfnum viðmælenda og hunda verið breytt.

## RÝMI HUNDA Í REYKJAVÍK

### Eiga hundar yfirleitt heima í borg?

Ekki kemur á óvart að þeim miðborgarþúum sem halda hund finnast hundar augljóslega eiga heima í borgarumhverfi. Hundaeigendurnir telja flestir að eigin hundar

**Tafla 1** Viðmælendur sem eiga hund

Viðmælendi	Heimilisaðstæður	Hundur
<b>Þóra.</b> Á tvítugsaldri, starfar í verslun.	Ungt barnlaust par. Íbúð í tvíbýli með sérinngangi, enginn garður.	<b>Þór.</b> Tveggja ára blendingur af Springer Spaniel og Labrador. Óskráður.
<b>Sigurður.</b> Á fimmtugsaldri, starfar við margmiðlun.	Par með ungt barn. Einbýli með lokuðum garði.	<b>Snati.</b> Sex ára gamall íslenskur fjárhundur. Skráður.
<b>Ásta.</b> Á eftirlaunum.	Býr ein. Einbýlishús með lokuðum garði.	<b>Ástmundur Karl XVI og Tumi.</b> Tveggja ára gamlir langhundar. Skráðir.
<b>Sigrún.</b> Á eftirlaunum.	Eldri hjón. Hús með nokkrum íbúðum, lokaður bakgarður. Hjónin eiga allt húsið.	<b>Sunna.</b> Sjö ára gömul Bichon Frisé-tík. Óskráð.
<b>Vala.</b> Hjúkrunarfræðingur á sextugsaldri.	Par með dóttur í grunnskóla. Hús með nokkrum íbúðum og lokuðum garði, allt í eigu parsins.	<b>Vaskur.</b> Þriggja og hálfis árs Cavalier King Charles. Skráður.
<b>Dóra.</b> Á fertugsaldri, öryrki.	Býr ein. Íbúð í tvíbýli með sérinngangi.	<b>Depill.</b> Sex mánaða blendingur af Border Collie-kyni. Óskráður.
<b>Pálína.</b> Á fimmtugsaldri, snyrtifræðingur.	Par með þrjú börn. Einbýlishús með opnum garði.	<b>Perla.</b> Sex ára Amerískur Cocker Spaniel. Skráð.
<b>Freyr.</b> Á fertugsaldri,	Par með tvö börn. Parhús með opnum garði.	<b>Flóki.</b> Fimm ára gamall íslenskur fjárhundur. Óskráður.

Tafla 2 Viðmælendur sem ekki eiga hund

Viðmælandi	Hundeigandi áður?
<b>Anna.</b> Hjúkrunarfræðingur á sextugsaldri.	Nei
<b>Jón.</b> Margmiðlunarfræðingur á þrítugsaldri.	Já
<b>Guðrún.</b> Grafískur hönnuður á fimmtugsaldri.	Nei
<b>Kristín.</b> Vinnur með börnum. Er á sjötugsaldri.	Já
<b>Jóhanna.</b> Framhaldsskólanemi á þrítugsaldri.	Já
<b>Baldur.</b> Líffræðingur á fertugsaldri.	Nei
<b>Halldór.</b> Kerfisstjóri á fertugsaldri.	Nei
<b>Inga.</b> Kennari á sextugsaldri.	Nei

myndu hvergi hafa það betra en á heimili sínu í miðborginni. Undantekningin er Sigurður, sem álitur að borgarumhverfið sé alls ekki ákjósanlegt fyrir íslenskan fjárhund:

*Það er náttúrulega bara þannig að þetta er tortúr fyrir skepnuna í rauninni, að vera í borg... að minnsta kosti þessa skepnu. En, þú veist, maður ákveður að gera það, og þú veist, ég er ekki að segja að honum líði illa en, þú veist, það er allt sem vinnur á móti edli hans... hann má ekki gelta... Þessir hundar bafa gelt í þúsund ár – ætlum við að fara að kenna þeim að gelta ekki?*

Perla og Sunna eru báðar litlir hundar, sem fólk kallar oft í daglegu tali „kjölturakka“. Eigendur beggja telja að borgarlífið sé engin sérstök kvöð fyrir tík sína. Hún gæti hreinlega ekki lifað af uppi í sveit eða úti í náttúrunni:

*[P]essir hundar þeir þekkjá náttúrulega ekkert annað. Það eru svo ofsalega margar hundategundir sem eru bara til að vera svona, innan um fólk og knúsast og svona. Þeir myndu aldrei sörvæva þarna úti...*

Þóra, Vala, Ásta og Freyr eru sammála um að sínir hundar vilji bara vera hjá fólkinu sínu og líði best þar. Ásta segist sannfærð um að hundar hafi það ekkert betra uppi í sveit, enda hefur hún orðið vitni að slæmri meðferð á hundum til sveita og finnst að hundar eigi bara að vera hjá fólki sem

hugsar vel um þá. Freyr segir að sér finnist dýr einfaldlega tilheyrta lífi í borg:

*Það er náttúrulega mjög skertid að maður megi ekki labba með hund niður Laugavegin og að hundar megi ekki vera bluti af einhverjum svona borgarkúltúr.*

Í ummælum þeirra sem ekki eiga hund birtast hins vegar talsvert önnur svör við þessari grundvallarspurningu. Allir segja þeir samt að þeim sé mest umhugað um lífsgæði hundanna sjálfra. Baldri og Halldóri finnst að hundar eigi frekar heima uppi í sveit. Þeir nefna báðir að það sé slæmt fyrir hunda að þurfa að vera einir heima allan daginn. Baldur orðar þetta svona:

*Mér finnst bara að dýrin eigi að vera í sveitinni. Þau eru miklu frjálssari þar, þau þurfa þá ekki að hanga inni ef maður nennir ekki að fara með þau út að labba og eitthvað svona, maður þarf að sinna því rosalega vel og það eru fáir, held ég, sem nenna að gera það eins og þarf.*

Jóni og Önnu finnst það sama gilda um hunda í bæði sveit og borg: Þeim finnst mikilvægast að hundunum sé vel sinnt. Guðrún og Kristín eru sammála Jóni og Önnu en bæta þó báðar við að þeim þyki nauðsynlegt að hafa skýrar reglur og að nauðsynlegt sé að taka tillit til þeirra sem ekki kæra sig um hunda. Jóhanna kemur hinsvegar með svolítið aðra sýn á málið en hinir hundlausu viðmælendurnir:

*Samfélagið okkar er náttúrulega bara borgarsamfélag, þannig auðvitað þarf að koma bara með þannig aðstæður inn, fara bara náttúruna inn í borgina...*

Inga er hinsvegar ekki á sama máli og Jóhanna um þetta atriði og segist frekar vilja losna við þetta birtingarform náttúrunnar út úr miðborginni:

*Hundar eiga ekkert heima í miðborg, ég held breinlega að hundar eigi ekkert heima þar. Sérstaklega út af þessum skít sem þeir skilja eftir sig hingað og þangað. Það er náttúrulega ekki til að gera borgina fallegri, bara ógæðslegt breinlega. Þannig að mér væri alveg sama þó þeir væru ekki leyfðir hérna.*

### **Hin hundlausu rými**

Allir viðmælendur hafa fremur svipaðar skoðanir á því hvar hundar mega vera lausir og hvar það er óæskilegt. Fæstir finna fyrir ónáði af völdum hunda í taumi og mörgum finnst því óþarfi að banna hunda algerlega á sumum svæðum, líkt og raunin er á Laugavegi og Miklatúni. Margir viðmælenda geta hugsað sér að leyfa hunda og önnur gæludýr í strætisvögnum borgarinnar og flestir eru í meginatriðum sammála reglum um hundahald í fjölbýli.

Hundaeigendum finnst öllum tilgangslausi að banna hunda við ákveðnar götur í miðborginni. Pálína telur að frekar ætti að treysta hundaeigendum til að meta það sjálfir hvort hundarnir sínir séu hæfir til vera í mannfjölda. Hún gengur hinsvegar aldrei með Perlu um þessar götur, því hún vill halda þær reglur sem eru í gildi til að koma ekki óorði á hundaeigendur. Ásta fordást að fara með hundana um þessar götur líkt og Pálína. Þóru finnst hinsvegar bannið fátíðlegt og lætur það sem vind um eyru þjóta. Hún tekur Þór hiklaust með sér ef hún á erindi á þessa staði. Sigurður segir að sér þyki bannið „hálf hallærislegt“, þó svo að það snerti hann ekkert sérstaklega. Honum finnst einfaldlega vesen að vera með Snata við þessar götur og sleppir því alveg – ekki út af því að það sé bannað, heldur af því að Snata finnist ekkert gaman

að vera þarna. Dóra og Vala eru sammála um það að bannið sé óþarfi, en þeim þykir báðum óþægilegt að geta ekki tekið hundana sína með þegar þær eiga erindi á Laugaveginum og stelast einstaka sinnum með þá þangað. Dóra nefnir að sér þætti í lagi að leyfa hunda á Laugavegi utan annatíma, til dæmis á morgnana. Sigrún stelst oft með Sunnu á Laugaveginum og finnst reglur borgarinnar vera einkennilegar:

*Ég segi fyrir mig, ég skil ekki af hverju gömul kona má ekki vera með lítinn hund á Laugaveginum. Ég skil ekki svona reglur... það er ekki hægt kannski að vera með tvo Schäfera, það er of mikið, þá verður fólkið hrætt, en smáhundar finnst mér bara gefa borginni meira líf... heldur en þessar rosalegu reglur allar hjá okkur: „Þetta má ekki og þetta má ekki“, þetta þekkist ekki hvergi nokkurs staðar í heiminum.*

Freyr er sammála hinum hundaeigendum um að kjanalegt sé að banna hunda við umræddar götur í miðborginni og tekur fram að sér þætti eðlileg krafa á svona stöðum að hundurinn sé í taumi og eigandinn hafi stjórn á honum.

Þeir viðmælendur sem ekki eiga hunda skiptast í tvær fylkingar hvað varðar þessar reglur. Anna, Jón og Guðrún eru á svipaðri skoðun og hundaeigendurnir og finnst óþarfi að banna hunda við ákveðnar götur. Kristínu, Jóhönnu, Halldóri og Ingu finnst bannið hinsvegar fremur eðlilegt. Kristín segir að bannið sé líklega heppilegt vegna þess hversu mikill fjöldi fólks er iðulega á ferð um þessar götur. Halldór er sömu skoðunar og nefnir sem ástæðu að mörgum sé einfaldlega illa við hunda og því sé æskilegt að banna þá við svona fjölfarnar götur. Inga samsinnir hundabanni á þessum svæðum, aðallega vegna skítsins sem hundarnir skilja eftir sig og einnig vegna þess hversu óútreiknanlegir þeir geta verið. Jóhanna telur bannið sanngjarnt, þar sem þessar götur eru mjög fjölfarnar og hvorki dýra- né barnavænar. Baldur hefur tekið eftir skiltum um hundabannið á Laugaveginum



og segist vera á báðum áttum hvað þetta varðar:

*Það á ekkert að þurfa að banna þetta. Í fyrsta lagi eiga hundaeigendur að geta hugsað það vel um hundinn sinn að hann sé til friðs og að hann sé ekki laus, þetta eru kannski aðalatriðin, og að hann þrifi skítinn eftir hann. Í rauninni að ef að öll þessi skilyrði eru uppfyllt, þá er algjör óþarfi að banna...*

Enginn viðmælenda kærir sig um lausa hunda, en enginn hefur neitt sérstaklega á móti hundum í taumi. Þetta snýst því líklega um það að eiga val um það hvort maður eigi einhver samskipti við hunda eða ekki. Enginn viðmælenda minnst þess að hafa verið ónáðaður af lausum hundi í miðborginni og bera þeir allir hundaeigendum vel söguna hvað þetta varðar. Anna er sérstaklega ánægð með tillitssemi þeirra:

*[Þ]essar ólar sem er hægt að stytta og lengja í... um leið og ég nálgast, greinilega skítbrádd, og þá stytta þeir alltaf í bandinu, og þá bara fer hann upp við eiganda sinn... þá er mér alveg sama þó að hann sé á Laugaveginum eða...*

Halldór minnst þó á að honum þyki pirrandi að mæta lausum hundum í miðborginni. Honum finnst Öskjuhlíðin vera á gráu svæði hvað þetta varðar:

*Þetta er á mörkunum því þetta er svona útivistarsvæði fyrir alla. Mér finnst þá að það þyrfti að vera svona... afmarkað. Þannig að fólk vissi af því hérna eru hundar... hérna getur verið að maður mæti lausum hundi.*

Allir hundaeigendurnir virðast hafa góðan skilning á því að taumur sé skilyrði fyrir aðgangi hunda að rýmum borgarinnar. Viðmælendur virðast því fara eftir reglum Reykjavíkurborgar í meginatriðum, þó svo að fólk óhlýðnist í einhverjum tilfellum. Freyr segist til dæmis ekki hugsa neitt sérstaklega um reglur borgarinnar, en treysta frekar á eigin dómgreind:

*Ég ... lat sem ég sjái ekki þessi merki. Eins og þegar ég fer í Öskjuhlíðina, ég sleppi honum lausum þar,*

*eins og ef við erum eitthvað að valsa um þar þá er hann bara að hlaupa á milli trjáanna, fer aldrei langt frá okkur. Þannig að ég bara ignora þetta... maður dregur einhverja svona línu sko, hvar hundurinn... megi vera laus og maður sleppir honum... En ég skil það kannski með svona eins og Miklatúnið og einhverja svona almenningsgarða, skerúðgarða inni í borginni, að það megi kannski ekki sleppa þeim lausum, en mér finnst samt alveg sjálfsagt að maður megi labba um með hundinn ef hann er í taumi.*

Þór fær að hlaupa laus um í Öskjuhlíðinni, líkt og Flóki hans Freys, en Þóra reynir samt að fara með hann upp í Heiðmörk hverja helgi. Dóra og Sigurður fara einnig eftir eigin tilfinningu, líkt og Freyr, í stað þess að láta stjórnast af reglugerðinni. Depill fær til dæmis að hlaupa laus á stórrí audri lóð í Skuggahverfinu. Það styttist hinsvegar í að byggt verði á lóðinni og þá verður Dóra að leita annað til að hafa hann lausan. Sigurður sleppir Snata lausum á uppfyllingunum úti á Granda en Ástmundur Karl XVI og Tumi hlaupa reglulega lausir í fjörunni við Gróttu. Leyfilegt er að sleppa hundum lausum á audum svæðum fjarri íbúðabyggð (Samþykkt um hundahald í Reykjavík, nr. 52/2002). Fjörur og iðnaðarsvæði í borginni eru því í raun á gráu svæði hvað þetta varðar, en svæðið í kringum Gróttu heyrir að sjálfsögðu undir reglur Seltjarnarness. Perla, Vaskur og Sunna eru alltaf í taumi innan borgarmarkanna. Eigendur þeirra telja þau ekki hafa mikla þörf til að hlaupa laus. Þessir hundar fá þó að hlaupa lausir fyrir utan bæjarmörkin stöku sinnum, til dæmis í sumarbústað. Þar að auki er Vala von að sleppa Vaski lausum í garði Einars Jónssonar, milli Freyjugötu og Eiríksgötu, en hefur hætt því núna eftir að sett voru upp skilti í garðinum sem banna hunda.

### **Afmörkuð rými hunda**

Í Reykjavík er að finna þrjú svæði sem eru sérstaklega ætluð fyrir lausa hunda. Þetta eru Geirsnef við ósa Elliðaáa, Geldinganes, og lítið afgirt svæði undir Öskjuhlíð

vestanverðri. Skiptar skoðanir eru um þau. Allir viðmælendur eru sammála um nauðsyn slíkra svæða, en hundaeigendur eru ekki á einu máli um gæði þeirra. Enginn viðmælenda hefur farið með hundinn sinn á Geldinganes og fæstir vissu raunar að leyflegt væri að hafa þar lausa hunda. Freyr og Dóra eru einu hundaeigendurnir sem nota aðstöðuna á Geirsnefi, en aðstaðan þar virðist hafa óorð á sér fyrir mikinn skít. Freyr og Dóra tala bæði um að hundunum þyki gaman að fara þangað og hitta aðra hunda. Freyr segir hinsvegar að svæðið sé of skítugt til að hægt væri að leyfa smábarni fjölskyldunnar að leika sér þar og Dóra segist spúla Depil eftir hverja heimsókn á svæðið. Þau nefndu einnig að grasið á svæðinu væri eitt forarsvað á þeim árstíma þegar viðtölin voru tekin (á vormánuðum), enda mikið notað allan ársins hring. Ásta hefur einu sinni farið á Geirsnef og langaði ekki að fara þangað aftur. Hún segir svæðið vera óaðlaðandi og fullt af skít. Sigurður fór áður fyrr stundum með Snata á Geirsnef, en hætti því fljótlega. Hann segir þetta bæði vera of langt að fara og svo sé þar of mikið af hundum og fólki. Þóra hefur einnig hætt að venja komur sínar á svæðið:

*Víð fórum með hann oft þegar hann var yngri. Síðan var okkur bara farið að blöskra þetta brikalega og við þáttum því... allt fullt af skít... fólk fer þangað til að geta setið inni í bíl eða talað við annað fólk á meðan hundurinn hleypur sjálfur, það er ekki alveg það sem þessi svæði eru atluð til...*

Sigrún, Vala og Pálína hafa aldrei notað Geirsnefið. Pálína telur Perlu hreinlega ekki þurfa á því að halda, Sigrún fer ekki með Sunnu af hræðslu við að „stóru hundarnir bítu hana“ og Vala segir hreinlega að fólki sem þyki vænt um hundana sína fari ekki með þá á Geirsnefið. Hin neikvæða ímynd Geirsnefsins virðist aðallega vera tilkomin vegna of mikillar notkunar. Of mikill fjöldi hunda, of mikill hundaskítur og uppspændir forugir grasblettir eru fráhrindandi og gefa

vísbendingu um að þörf sé fyrir fleiri svona svæði til að dreifa álaginu.

Nokkru áður en viðtölin áttu sér stað voru tekin í notkun girt hundasvæði í Öskjuhlíðinni. Allir hundaeigendurnir höfðu heyrt um þessi svæði en fæstir höfðu haft áhuga á að nota þau. Nokkrir nefndu að girðingin væri of lítil. Pálína og Freyr eru einu viðmælendurnir sem hafa nýtt sér þessi svæði. Þau hafa þó orð á því að svæðin séu þegar orðin skítug og grasið í reitunum orðið að forarsvaði. Líta má á þetta sem aðra vísbendingu um mikla notkun, eða þá hreinlega slæma umgengni. Allir viðmælendur eru hlynntir því að fjölga svæðum ætluðum lausagöngu hunda, en fæstir hafa einhverja ákveðna staði í huga. Dóru líst best á að útbúa slíkt svæði nálægt Rauðavatni, en henni finnst í lagi að keyra svo langt. Þóra telur æskilegt að nýta betur þá garða sem þegar eru til, með því að leyfa lausa hunda þar. Hún nefnir Laugardalinn og Miklatún í þessu samhengi. Freyr segir að sér þætti eðlilegt að leyfa lausa hunda í Öskjuhlíðinni, en aðrir viðmælendur hafa engar sérstakar uppástungur.

### **Geta hundar ferðast með strætó?**

Hér að ofan hefur verið fjallað um aðgang hunda að opnum svæðum og ýmsum öðrum tegundum almenningsrýmis í borginni. Almenningssamgöngur teljast ekki beinlínis „opin svæði“, en þær eru engu að síður opnar öllum almenningi – nema þeim sem kjósa að ferðast með gæludýr. Viðmælendur voru spurðir um hvort æskilegt væri að leyfa hunda og önnur gæludýr í strætisvagna borgarinnar. Skiptar skoðanir komu fram, eins og við var að búast, en athyglisvert var að heyra hversu margir voru jákvæðir gagnvart slíku. Fjórir af átta viðmælendum sem ekki eiga hund voru hlynntir því. Anna var einn þeirra:

*Nú er ég mjög mikið í strætó, ég keyri ekki, labbandi og í strætó, og mér væri alveg sama þó einhverjir væru*

*með hunda í strætó svo framarlega sem hundurinn væri ekkert að skipta sér af mér.*

Jón, Guðrún og Inga láta í ljós svipaðar skoðanir og Anna. Hér kemur fram, líkt og kom fram í sambandi við hunda í miðborginni, að aðgangur dýrsins eigi að vera háður því að eigandi tryggi að aðrir vegfarendur fái að vera í friði.

Eins og gefur að skilja voru ekki allir hlyntir hugmyndinni um hunda og önnur gæludýr í strætó, Halldór var á báðum áttum, en Kristín, Jóhanna og Baldur voru á móti því. Þessi fjögur nefna öll ofnæmi sem rök á móti hundum í strætisvögnum. Kristín orðar þetta svona:

*Vegna þess að það eru margir bræddir við hunda og margir með ofnæmi fyrir þeim. Þetta er almennings- amgöngufyrirtæki og það er ábyggilega alltaf einhver sem kemur inn í strætó sem stendur ekki á sama.*

Jóhanna og Baldur eru sama sinnis. Þau tala um ofnæmi, en Baldur minnst einnig á hár og annan óæskilegan óprifnað sem hann telur að myndi fylgja dýrunum.

Hundaeigendur eru flestir hlyntir því að leyfa hunda í strætó. Dóra og Freyr segja að sér þyki eðlilegt að leyfa hunda á ákveðnum stöðum inni í vögnunum, til dæmis aftast þar sem er pláss fyrir hjól og kerrur. Dóra talar einnig um að hundar séu mikilvægur félagskapur mörgum öryrkjum, sem oft hafi lítið á milli handanna og eigi ekki bíl. Hún telur því mikilvægt að fólk í þessari stöðu geti nýtt sér almenningsamgöngur með dýrin sín, sérstaklega til að komast á svæði þar sem má leyfa þeim að hlaupa lausum.

### **Eiga hundar að fá að búa í blokk?**

Þegar talið berst að hundahaldi í fjölbýlis- húsum eru viðmælendur frekar sammála. Nær öllum finnst eðlilegt að íbúar geti haft eitthvað um það að segja hvort hundur sé í húsinu eða ekki. Margir tala um að það sé eðlilegt að þurfa leyfi annarra íbúa, en öllum finnst að auðveldara ætti að vera að fá leyfi í

íbúðum með séringngangi. Sigurður og Snati bjuggu í fjölbýli fyrir nokkrum árum:

*Það gengur ekkert að hafa hund ef nágranni þinn er á móti honum, það gengur ekkert upp. Ég myndi ekki vilja, skilurðu, lifa þannig lífi, en það er kannski eitthvað fólk sem nennir því, þú veist, að vera í fæting við nágranna sína, það er náttúrulega ekkert svakalega gaman. Mín reynsla af því hefur verið bara svo góð, hef sjálf sagt verið heppinn bara eða eitthvað.*

Sigrún sker sig úr hópnum. Henni finnst of harðneskjulegt að hægt sé að banna manneskju, sem þarf á hundi að halda, að hafa hann í fjölbýli:

*[M]ér finnst það bara alveg ægilega illa gert ef að fólk sé segir nei við þitt fólkid vegna þess að það getur verið að manneskjan sem er að sækja um hundinn þurfi reglulega á hundinum að halda. Það er fullt af fólkum sem þarf á hundum að halda, það er eitt, býr eitt og þú býrð ekki ein ef þú átt hund, þá ertu alls ekkert ein.*

Freyr telur að fjölbýli eigi ekki að vera nein fyrirstaða fyrir hundahaldi og segist vilja að viðhorf gagnvart hundum verði almennt frjálshlyndara:

*Mér finnst að viðhorf gagnvart hundum megi vega örlítið frjálshlyndara... þannig að fólk megi einhvern veginn búast við því að fólk haldi hund í borg. Og þar af leiðandi finnst mér allt í lagi að fólk haldi hund þó að það búi í blokke, en maður kannski skilur það ef að hundurinn er til mikilla ama og gættur mikid, þú veist ef það er mikid ónæði af honum í fjölbýli, að það sé hægt að gera einhverja atvagasemdir við það, en þú veist, sérstaklega með svona litla hunda... þá get ég ekki séð því neitt til fyrirstöðu að fólk fái að halda þá í fjölbýlishúsi.*

Allir viðmælendur nema Vala segjast geta hugsað sér að veita nágrönnum sínum leyfi til að vera með hund í fjölbýli. Flestir segja þó að það yrði að vera gegn ákveðnum skilyrðum, til dæmis því að hundurinn væri ekki laus í stigaganginum og að eigendur hans hirtu vel um hann. Athyglisvert er að eini viðmælendinn sem segist ekki vilja gefa leyfi er hundaeigandi sjálfur. Vala býr í fjölbýli. Hundurinn Vaskur er af smærri

gerðinni. Vala á allt húsið, býr í einni íbúð og leigir hinar út. Hún segir að sér þyki nóg að hafa einn hund í húsinu og að hún geti ekki hugsað sér að fá þangað inn eitthvað dýr eins og Schäferhund.

### Óæskilegir fylgifiskar hunda í borg

Hundum fylgir ýmislegt sem fólki kann að þykja óæskilegt í borgum. Skítur, hávaði og ofnæmi voru atriði sem margir viðmælendur nefndu. Allir eru sammála um að ekki mætti skilja eftir hundaskít á gangstéttum borgarinnar, en hinsvegar eru skiptar skoðanir um hversu mikið vandamál þetta sé í miðborginni. Fólk telur sig almennt ekki verða fyrir ónæði vegna geltandi hunda, en hunda-eigendur segjast allir reyna að draga úr gelti sinna eigin hunda. Margir tala um ofnæmi sem rök fyrir takmörkun á rými hunda, en aðrir draga þessi rök í efa.

Fæstum viðmælenda fannst bera mikið á hundaskít á götum borgarinnar. Jón og Baldur nefndu að ástandið væri gott miðað við í borgum erlendis og Kristín taldi hunda-eigendur almennt standa sig vel í þessum efnum. Guðrúnu fannst þetta ekki vera vandamál, en sagði þó frá því að einhver hefði nýlega flutt í hverfið sem þrifi ekki upp skítinn eftir hundinn sinn og sér myndist það frekar leiðinlegt. Anna sagði mikið vera um hundaskít í hverfinu, en lítur samt ekki á það sem neitt vandamál:

*[M]aður býr í miðbæ og það fylgir því bara ýmislegt, líka hundar. Og þú veist, þú getur bara flutt eitthvað ef ekkert má vera öðruvísi en að þér akkúrat hugnast.*

Inga býr nálægt Önnu og finnst einnig mikið vera um hundaskít í hverfinu. Hún er þó reiðari yfir þessu heldur en nágranni hennar:

*Hann er skelfilegur þessi skítur þeirra, og að horfa út um gluggann, hvorum megin sem er, og eigendurnir labba með hundana og horfa á þá gera stykkin sín hér og þar í nágrenninu! Og niðri í Hljómskálagarði er mikið um það, það er mjög mikið um það þar.*

*Það er spurning hvort það væri hægt að gera eitthvað svo að maður myndi ekki vera að rekast á skít þingað og þangað um strátin. Já, bæði ég og barnabörnin höfum fengið þetta í skóna okkar og svona, og það er sérstaklega mikið af þessu til dæmis í Hljómskálagarðinum.*

Athyglisvert var að eiginlega höfðu hunda-eigendur meira á móti hundaskít heldur en þeir sem ekki eiga hund, enda eru hundarnir þeirra fljótir að þefa þetta upp. Ásta, Sigrún og Pálína segjast þrifa upp allan skít sem þær sjá. Sigrún og Pálína gera það til að hunda-eigendur fái síður óorð á sig en Ástu finnst vera sýkingarhætta af þessu:

*Þetta er ógæðslegt, svo koma næstu dýr, ef það eru nú að koma upp einhverjar flensur eins og hjá okkur, þá eru dýrin manns – þetta er svo ógæðslegt sko – þá eru þau komin með trynið í þetta. Það er smithætta af þessu.*

Vala og Þóra segjast einnig taka skítinn alltaf upp, en þær láta sér nægja að þrifa eftir eigin hunda. Þóra þrífur næstum alltaf upp skítinn. Hún sleppir því þó þegar Depill er laus í óræktinni í Skuggahverfinu, því „þar er bara verið að grafa“. Sigurður og Freyr viðurkenndu báðir að hirða ekki alltaf upp skítinn eftir hundana sína. Sigurður segist hinsvegar reyna að hafa einhverja stjórn á þessu:

*[É]g reyni hinsvegar að láta það gerast á stöðum þar sem það skiptir ekki máli sko, einhverjum olíumengudum, skítugum vinnusvæðum. Skíturinn rignir þar bara niður með öllu öðru drasli og drullu sem þar er. En auðvitað reyni ég alltaf að gera það ef honum verður brátt í brók...*

Freyr þrífur yfirleitt upp skítinn eftir Flóka en á því eru samt einhverjar undantekningar:

*[É]g get ekki sagt alltaf... það er kannski ef að maður hefur rokið út og er ekki með þoka á sér. Það er einhvern veginn ef hann hefur verið í bílnum og maður stekkur með hann einhvers staðar út og... þá hefur maður kannski tekið farsímatríxið og farið í símann og sér ekki þegar hann er að gera eitthvað, en það er hérna... en yfirleitt er alltaf birt upp eftir hann.*



**Mynd 1** Íslenskur fjárhundur merkir svæði sitt við Þórsögðu. (Mynd: Eva Dögg Kristjánsdóttir)

Freyr tekur þó fram að þókar séu alltaf hafðir með í för þegar einhver í fjölskyldunni fer sérstaklega út að labba með hundinn. Ofangreint vandamál kemur því helst upp þegar Flóki kemur með í einhverja skreppitúra.

Þeir viðmælendur sem ekki eiga hund telja sig ekki verða mikið vara við gelt eða annan hávaða vegna hunda. Anna og Inga segjast báðar af og til heyra gelt úr næstu húsum, en þetta sé ekkert sem truflar þær. Hundaeigendum virðist hinsvegar mikið í mun að koma í veg fyrir slíkt ónæði af eigin hundum. Pálínu finnst nauðsynlegt að fólk taki tillit til annarra og passi upp á það að hundar séu ekki að gjamma í íbúðabyggð:

*Ef hundurinn minn er úti og fer að gelta þá er hún alltaf tekin strax inn... og það fer í þírrurnar á mér ef það eru gjammandi hundar hér í kring, bæði að það truflar mína og hún fer að gjamma á móti, og eins það finnst mér svo óábyrgt, ég vil að fólk taki bara hundinn og reyni að loka hann inni eða eitthvað. Þú*

*látur hann þegja, mér finnst það... ég verð að bera vörðingu fyrir mínum nágrönnum og umbverfinu.*

Flóki geltir alltaf eitthvað þegar hann er úti og því fær hann aðeins að fara út í garð þrisvar á dag og er alltaf tekinn inn ef hann geltir mjög mikið. Sigrún og Ásta segjast reyna að láta hundana sína ekki gelta snemma á morgnana og seint á kvöldin. Nágranni Sigrúnar kvartar reglulega undan geltinu í Sunnu. Sigrún tók þetta nærri sér í fyrstu, en seinna, þegar nágranninn var farin að kvarta yfir öllu mögulegu – fylleríslátum og ónæði af sjoppunni uppi á horni, til dæmis – ákvað hún að láta þetta bara sem vind um eyru þjóta. Þór geltir nánast aldrei, Þóru til mikillar ánægju, og nágrannar þeirra hafa lýst yfir ánægju sinni með hegðun hans. Allir hundarnir sem rætt var um, nema Þór, eiga það þó sameiginlegt að gelta á póstburðarfólk og eigendurnir segjast almennt hvorki geta né reyna hindra það.

Flestir viðmælendur minntust á ofnæmi fyrir hundum og sumir töldu það koma í

veg fyrir að hundar gætu farið í strætó, verið í fjölbýlishúsum og svo framvegis. Allir viðmælendur voru sammála um að taka þyrfti tillit til fólks með ofnæmi, en Pálína dró þetta vandamál þó í efa:

*Það er vodafonega einkennilegt með Íslendinga að þeir eru með svo ofboðslega mikið ofnæmi fyrir hundum. Þannig að ég held að það sé nú svona málum blandið, ég hlusta nú ekki alveg á það... og að það megi ekki koma með hund nálægt einhverjum af því að hann er með ofnæmi... hvað er það? Ég meina bráðaofnæmi, ég get alveg skilið það ef þú sérð dauðann nálga, en annað – ég er ekki að fatta þetta...*

Enginn viðmælenda þjáist sjálfur af ofnæmi fyrir hundum. Halldór segir þó að sonur sinn fái ofnæmisviðbrögð við hundum, en hann hittir reglulega hund hjá ömmu sinni og afa þrátt fyrir ofnæmið.

Ásta og Sigurður líta ofnæmið öðrum augum. Ásta segist telja ofnæmið vera að miklu leyti áunnið og talar í því samhengi um „Ajax-kerlingarnar“. Með því á hún við „miðaldra konur með tuskuaði“. Ásta segist telja að of mikil þríf inni á heimilum landsmanna veiki ofnæmiskerfi fólks og vandamálið sé því heimatilbúið. Sigurður tekur í sama streng og telur að litli strákurinn sinn verði hraustari af því að alast upp með hund inni á heimilinu.

Þegar viðmælendur eru spurðir út í lausagöngu hunda virðist enginn hafa lent í því að fá ókunnugan hund flaðrandi upp um sig innan borgarmarkanna. Enginn talar því um þetta sem vandamál. Dóra hefur lent í því að Depill flaðri upp um ókunnuga, en það eru enn svolítill hvolpalæti í honum, enda er hann einungis sex mánaða gamall. Af fenginni reynslu segist Dóra telja að ákveðnum manngerðum sé verr við þetta en öðrum:

*Þegar ég labba hérna út á Arnarhól, þá þarf ég að fara varlega þegar ég fer að nálga Stjóðleikhúsið. Af því þar er Hæstiréttur, þar er Arnarhóll og Seðlabankinn, og fólk sem vinnur á þessum stöðum – það er ekki mjög hrifnið ef hundurinn flaðrar upp um það. Og af því að ég hef stundum gleymt mér og*

*hann bleygur svona fyrir horn og ég hef langan taum á honum, og ef það er einhver hinum megin við hornið þá náttúrulega flaðrar hann upp um viðkomandi... Og þegar að ég lenti í þessu um daginn þegar Baugsmálið var, þá var svo mikið að gera þarna að ég varð eiginlega að hætta að fara. Því fólk er ekki mjög hrifnið... eða þú veist...*

### Tilfinningar í garð ókunnugra hunda

Athyglisvert var að margir viðmælendur gera sérstakan greinarmun á litlum og stórum hundum án þess að vera sérstaklega spurðir út í það. Fólk notar þá oftast orðin *kjölturakki*, *Schäfer*, *Dobermann* og *Rottweiler*. Viðmælendur segjast flestir almennt ekki vera hræddir við hunda, en einhverjir tóku þó fram að stórir hundar vektu frekar upp ótta hjá sér. Hundaeigendur segjast nær allir hafa orðið varir við hræðslu annarra, þá helst þegar fólk sveigir fram hjá hundinum eða fer yfir götuna. Flestir viðmælenda segjast hafa gaman af hundum að vissu marki að minnsta kosti, og mörgum þykir vinalagt að sjá þá á götum borgarinnar. Hundaeigendur hafa allir lent í því að ókunnugir sýni hundunum áhuga og vilji fá að klappa. Flestir hundaeigendur segjast hafa fundið fyrir neikvæðu viðmóti gagnvart hundinum og þrír þeirra telja þetta stundum vera tengt minningum um sullaveiki. Enginn þeirra viðmælenda sem ekki eiga hunda telur hattu á að sullaveiki berist með hundum. Sumir tengja sjúkdóminn ekki við hunda og þekkja hann jafnvel ekki.

Anna er eini viðmælendinn sem viðurkennir að hún sé hrædd við hunda. Hún segir þó að sér sé ekkert illa við þá, svo lengi sem þeir séu í taumi. Kristín segist vera oft hrædd við stóra hunda, en Guðrúnu er illa við vissar tegundir eða kannski fólk sem fylgir þeim:

*Það var íbúð þarna beint á móti mér leigð út og það var svona eitthvað líð sem var þar, ekki svona alveg sem manni fannst skemmtilegt. Og maðurinn átti svona Schäferhund og hann var stundum að hlaupa bara um þarna, og það finnst mér alveg... ég er mjög mikið á móti því. Í fyrsta lagi þá er ég ekki hrifni*

*af Schäferhundum eða svona Rottweilerbundum eða svona einhverjum... það eru kannski fordómar en ég spyr mig hvers konar týpur velja sér svona hunda... mjög algengt að það sé svona fólk á vafasamri braut í lífinu. En þetta eru kannski fordómar.*

Baldur setur spurningamerki við ákveðnar hundategundir líkt og Guðrún og segir að sér þætti rétt að hafa ströng skilyrði um eignarhald á hundum eins og Dobermann og Rottweiler.

Sumir hundaeigendanna viðurkenna að vera sjálfir hræddir við suma hunda og skilja því vel að fólk gæti verið hrætt. Allir hundaeigendurnir nema Pálína segjast hafa fundið fyrir því að fólk forðist hundinn eða sé hrætt við hann. Þóra lýsir þessu svona:

*[É]g er náttúrulega alltaf með hann í bandi og ef að fólk er hrætt við hann þá sveigir það framhjá. Maður hefur alveg tekið eftir því að stundum þá labbar fólk hinum megin við götuna, en það er náttúrulega eðlilegt.*

Freyr hefur fundið fyrir þessu líkt og aðrir, en honum finnst hræðsla ein og sér ekki nógu góð rök gegn því að veita hundum aðgang að ákveðnum rýmum:

*[É]g hef alveg fundið fyrir því. Það er til dæmis fólk sem að kemur hingað og heimsækir okkur og það eru sumir sem eru hræddir við hunda og þá þurfum við að gera eitthvað, þurfum að setja hann út í bílskúr eða út í band. Mér finnst samt að það, þer se, eigi ekkert að ráða því að hundar séu ekki einbvern veginn sýnilegir eða ekki til staðar á götum borgarinnar eða svona, á svona stöðum eins og almenningsgörðum eða eitthvað slíkt vegna þess að, þú veist það þer se að vera hræddur við hunda er ekki neitt, það er líka til dæmis hægt að vera ofurhræddur við litla fólk eða eitthvað skélurðu, ... það hefur ekkert upp á sig í raun og veru, það er kannski ekki ástæða til þess... eins og með hann, hann er svona eitt það besta skinn sem maður hefur kynnst, þannig að það stafar engin þætta af honum.*

Allir viðmælendur sögðust hafa gaman af hundum að einhverju leyti. Kristín sagði að þetta væru „yndisleg dýr“ og Inga viðurkenndi að sér þætti vinalægt að mæta hundum á götum borgarinnar,

þó henni væri meinilla við hundaskítinn. Hundaeigendur höfðu allir fundið fyrir vingjarnlegu viðmóti og áhuga vegfarenda í garð hundanna sinna. Langhundarnir hennar Ástu draga til sín aðdáendur og margir hafa spurt hana hvernig maður geti eignast svona hund, og Pálína og Sigrún eru oft spurðar um tegund Perlu og Sunnu. Margir töluðu um að fólk vildi fá að klappa hundunum, einkum börn.

Allir hundaeigendur sögðust þó einnig hafa fundið fyrir neikvæðu viðmóti að einhverju leyti. Flestir töldu að hundaskítur á götum borgarinnar væri helsta ástæðan fyrir þessu viðmóti en Ásta, Sigrún og Vala töldu allar að minningar um sullaveiki orsökðu andúð meðal eldra fólks. Ásta mætti eitt sinn gömlum manni sem kallaði hundinn hennar „helvítis ógeð“. Henni finnst viðmót ungs fólks betra heldur en viðmót eldri kynslóðarinnar:

*Það er helst eldra fólk, gamalt fólk sem setur upp svona svip. Það er ekkert skritið því þetta er svona sullaveikikynslóð... það er svona fólk sem er farið að halla í átrætt sem lætur svona.*

Þegar þeir viðmælendur sem ekki eiga hunda voru spurðir um þekkingu á sullaveiki könnuðust flestir við sjúkdóminn en tengdu hann ekkert sérstaklega við hunda í dag. Jón sagði vel staðið að sóttvörnum og því væri slíkur ótti óþarfur. Anna, Guðrún, Kristín, Baldur og Inga sögðust ekki hafa áhyggjur af því að fá sjúkdóma frá hundum, Halldór tengdi sullaveiki einungis við sauðfé og yngsti viðmælandinn hafði litla þekkingu á sjúkdómnum:

*Ég verð nú eiginlega bara að viðurkenna það að eina skiptið sem ég hef heyrt um sullaveiki var í einhverri Íslendingasögu... Bandormur... Ég tengi það nú meira eiginlega við fisk.*

Ljóst er að sullaveiki var viðmælendum ekki ofarlega í huga enda talið að sjúkdómnum hafi verið útrýmt í landinu. Þetta grefur þó ekki undan því sem Ásta, Sigrún og Vala telja, en því miður var ekki rætt við nógu

gamla viðmælendur til að kanna málið. Haft var samband við fjórar manneskjur á áttæðisaldri. Þrjár þeirra lýstu strax yfir andúð sinni á hundum í stuttu máli en enginn þeirra vildi veita viðtal vegna verkefnisins.

## AÐ LOKUM: HUND-LEIÐINLEG BORG, EÐA...?

Aðgangur dýra að rými, hvort heldur er í borg eða sveit, er háður stöðu þeirra í huga almennings (Wolch og Rowe 1992; Philo 1995; Anderson 1998; Griffiths o.fl. 2000). Búseta gæludýra fylgir búsetu fólks, eðli málsins samkvæmt. Gæludýr búa því flest í þéttbýli. Þau deila heimili með fólki. Fyrir sum gæludýr, ekki síst hunda, skiptir aðgangur að borgarrýminu utan heimilisins afar miklu máli.

Hundaeigendur hafa sjálfir kosið að taka hund inn á heimili sitt og hafa gengið í gegnum ýmislegt til að sambúðin gangi upp. Fólk sem ekki á hund hefur ekki gengið í gegnum sömu reynslu og hefur jafnvel engan áhuga á því. Af þessum ástæðum er ekki að undra að munur sé á skoðunum þessara hópa um hvar hundar eigi og megi vera, bæði innan veggja heimilisins og úti í borginni. Ekki var fjallað um rými hundsins á heimilinu í þessari grein, en skýrt kom fram að þeir viðmælendur sem eiga hunda veita þeim meiri aðgang að krókum og kimum heimilisins heldur en aðrir viðmælendur telja sig myndu gera, ættu þeir hunda.

Í borgarrýminu var sami munur til staðar: Hundaeigendur vilja almennt meiri aðgang fyrir hunda heldur en þeir sem ekki halda hund. Þó voru allir viðmælendur, bæði hundaeigendur og þeir sem ekki eiga hunda, sammála um að hundar eigi ágætlega heima í borg, sé vel hugsað um þá. Segja má að taumurinn sé lykill hundsins að borginni. Engum viðmælenda finnst lausir hundar eiga heima í íbúabyggð. Öllum viðmælendum, bæði þeim sem eiga hunda og öðrum, þykir æskilegt að fjölga svæðum

þar sem hundar geti hlaupið um lausir, en fáir nýta sér þau svæði sem borgaryfirvöld hafa skilgreint á þann veg.

Hundaskítur er sá ókostur hundahalds sem truflar helst fólk. Þó voru flestir á því að þetta væri alls ekki mikið vandamál í miðborginni. Þeim viðmælendum sem ekki eiga hund finnst almennt lítið um hundaskít á götum borgarinnar.

Átök liðinna áratuga um hundahald í Reykjavík voru að hluta til byggð á heilbrigðissjónarmiðum sem áttu vissulega við rök að styðjast á fyrri öldum og fram á þá tuttugustu, en að hluta líka á hugmyndum um gerólikt eðli samfélaga í sveit og borg. Lengi hefur verið reynt að skapa hina fullkomnu borg, en tæplega er hægt að segja að það hafi tekist. Í upphafi 20. aldarinnar varð til stétt sérfræðinga í borgarskipulagi. Skipulagsfræðingar studdu verk sín vísindalegri þekkingu með það að markmiði að skapa hina bestu mögulegu útkomu. En fyrir hvern? Wolch (1998) heldur því fram að dýr – hvort heldur er villt dýr, húsdýr eða gæludýr – hafi verið algerlega hunsuð í borgarskipulagsfræðum.

Gagnrýni á hið móderníska skipulag, sem réði ríkjum í borgum alla síðustu öld, hefur orðið æ háværari (sjá t.d. Kunstler 1993). Leitin að fræðilegri fullkomnun, byggð meðal annars á rökhyggju Descartes og ofurtrú módernismans á mátt skynseminnar, dró úr fjölbreytni. Sandercock (1998, 2003), einn gagnrýnenda, fullyrðir að lengst af tuttugustu öldinni hafi skipulag byggst á ólýðræðislegu kennivaldi sérfræðinganna, sem hvorki hafi tekið tillit til kyngervis né ólíkra kynþátta og menningarhópa. Í framhaldi má fullyrða að skipulagsfræði hafi sannarlega ekki tekið mikið tillit til ólíkra dýrategunda. Niðurstaðan hefur oftaren ekki orðið aukin einsleitni í borgarsamfélaginu og oft á tíðum bókstaflega hundleiðinlegt borgarrými – fyrir alla.

En Sandercock heldur því einnig fram að skipulagsfræðin sé á tímamótum,



vegna þeirra umskipta sem hnattvæðingin hefur í för með sér. Aukin fjölbreytni í borgarsamfélaginu ögri ríkjandi einhyggju í þessum efnum og taka beri upp upp róttækari og víðsýnni skipulagsfræði, sem taki tillit til ólíkra hópa og mismunandi einkenna þeirra. Málflutningur þeirra sem rutt hafa brautina fyrir hina nýju dýralandfræði fellur vel að þeirri sýn á rými borgarinnar sem í slíku felst. Til viðbótar við menningarlegan fjölbreytileika þarf að huga að fjölbreyttu dýralífi.

Reykjavík hefur vissulega smátt og smátt orðið hundvænni borg. Ýmislegt mætti þó gera til að bæta borgarrýmið enn að þessu leyti. Eins og hér hefur komið fram væru fleiri svæði, þar sem taumlausir hundar geta hlaupið á löglegan hátt, til bóta. Ýmsir almenningsgarðar og opin svæði, sem eru meira miðsvæðis en Geirsnef og Geldinganes, bjóða upp á slíkt. Sömuleiðis virðist ástæðulaust að hindra för hunda um götur miðborgarinnar. En að sjálfsögðu þurfa þá bæði hundar og menn að reynast ábyrgð sinni vaxnir og taka tillit til þeirra áhyggjuefna sem hundlausir borgarbúar hafa helst í þessum efnum og hafa komið í ljós í þessari rannsókn.

### Þakkir

Umfram allt ber að þakka Bryndísi Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson, en myndlistarverk þeirra, flug(a) (milli náttúru og menningar), varð kveikja þessarar rannsóknar (sjá Snæbjörnsdóttir/Wilson 2006). Samstarf þeirra við Karl Benediktsson leiddi til lokaverkefnis Evu Daggar Kristjánsdóttur í landfræði vorið 2006, sem rannsóknin á rými hunda í Reykjavík byggir á. Hermanni Sigurðssyni, sem og starfsfólki Dýralæknastofu Dagfinns, sem aðstoðuðu við val á viðmælendum, eru færðar þakkir. Viðmælendum og hundum skal og þakkað fyrir ánægjulegt samstarf. Tekið skal fram að hvorugur höfunda heldur hund.

### HEIMILDIR

Agamben, G. 2004. *The Open: Man and Animal*. Palo Alto: Stanford University Press.

Anderson, K. 1998: Animals, science and spectacle in the city. Í: J. Wolch og J. Emel (ritstj.), *Animal Geographies: Place, Politics and Identity in the Nature–Culture Borderlands*. London: Verso. Bls. 27–50.

Edelman, B. 2002: ‘Rats are people too!’ Rat–human relations re-rated. *Anthropology Today* 18(3): 3–8.

Emel, J., C. Wilbert og J. Wolch 2002: Animal geographies. *Society and Animals* 10(4): 407–412.

Eva Dögg Kristjánsdóttir 2006: Hundalíf: Rými hunda í miðborg Reykjavíkur. Jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands, óútgefin BS-ritgerð.

Esterberg, K.G. 2002: *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw–Hill.

Foucault, M. 1977: *Discipline and Punish: The Birth of the Prison*. London: Allen Lane.

Gaita, R. 2003: *The Philosopher’s Dog*. London: Routledge.

Gullo, A., U. Lassiter og J. Wolch 1998: The cougar’s tale. Í: J. Wolch og J. Emel (ritstj.), *Animal Geographies: Place, Politics and Identity in the Nature–Culture Borderlands*. London: Verso. Bls. 139–161.

Griffiths, H., I. Poulter og D. Sibley 2000: Feral cats in the city. Í: C. Philo og C. Wilbert (ritstj.), *Animal Spaces, Beastly Places: New Geographies of Human–Animal Relations*. London: Routledge. Bls. 56–70.

Haraway, D. 2003: *The Companion Species Manifesto: Dogs, People and Significant Otherness*. Chicago: Prickly Paradigm Press.

Jones, O. 2000: (Un)ethical geographies of human–non–human relations: encounters, collectives and spaces. Í: C. Philo og C. Wilbert (ritstj.), *Animal Spaces, Beastly Places: New Geographies of Human–Animal Relations*. London: Routledge. Bls. 268–291.

Karl Benediktsson 2006: reykjavík – borgin dýra. Í: Snæbjörnsdóttir/Wilson: *flug(a) milli náttúru og menningar*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands og Borgarbókasafn Reykjavíkur. Bls. 11–19.

Kunstler, J.H. 1993: *The Geography of Nowhere: The Rise and Decline of America’s Man-made Landscape*. New York: Touchstone.

McKenna, E. og A. Light (ritstj.) 2004: *Animal Pragmatism: Rethinking Human–Nonhuman*

- Relationships*. Bloomington: Indiana University Press.
- Mitchell, M.A. og S.M. Shane 2001: Salmonella in reptiles. *Seminars in Avian and Exotic Pet Medicine* 10(1): 25–35.
- Morgunblaðið* 11. febrúar 2000: Kettir einungis fangaðir að nóttu til.
- O'Rourke, E. 2000: The reintroduction and reinterpretation of the wild. *Journal of Agricultural and Environmental Ethics* 13(1): 145–165.
- Páll A Pálsson 2004: Sullaveiki á Íslandi: Sögulegt yfirlit. Í: Brynjólfur Sandholt (ritstj.), *Dýralæknatal. Búfjárjúkdómar og saga*. Reykjavík: Dýralæknafélag Íslands. Bls. 98–404.
- Philo, C. 1995: Animals, geography, and the city: notes on inclusions and exclusions. *Environment and Planning D—Society and Space* 13(6): 655–681.
- Philo, C. og C. Wilbert 2000: Animal spaces, beastly places: an introduction. Í: C. Philo og C. Wilbert (ritstj.), *Animal Spaces, Beastly Places: New Geographies of Human-Animal Relations*. London: Routledge. Bls. 1–34.
- Pollan, M. 2006: *The Omnivore's Dilemma: A natural history of four meals*. New York: The Penguin Press.
- Reykjavíkurborg 2005: Samþykkt um kattahald í Reykjavík nr. 794, 23. ágúst 2005.
- Sandercock, L. 1998: *Towards Cosmopolis: Planning for Multicultural Cities*. Chichester: Wiley.
- Sandercock, L. 2003: *Cosmopolis II: Mongrel Cities in the 21st Century*. London: Continuum.
- Serpell, J. 1996: *In the Company of Animals*. Oxford: Blackwell.
- Snæbjörnsdóttir/Wilson 2006: *flug(a) milli náttúru og menningar*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands og Borgarbókasafn Reykjavíkur.
- Tovey, H. 2003: Theorising nature and society in sociology: the invisibility of animals. *Sociologia Ruralis* 43(3): 196–215.
- Tuan, Y.-F. 1984: *Dominance and Affection: The Making of Pets*. New Haven: Yale University Press.
- Whatmore, S. 2002: *Hybrid Geographies: Natures, Cultures, Spaces*. London: Routledge.
- Wolch, J. 1998: Zoöpolis. Í: J. Wolch og J. Emel (ritstj.), *Animal Geographies: Place, Politics and Identity in the Nature–Culture Borderlands*. London: Verso. Bls. 119–138.
- Wolch, J. 2002: Anima urbis. *Progress in Human Geography* 26(6): 721–742.
- Wolch, J. og S. Rowe 1992: Companions in the park: Laurel Canyon Dog Park. *Landscape* 51: 16–23.
- Wolch, J.R., K. West og T.E. Gaines 1995: Transspecies urban theory. *Environment and Planning D—Society and Space* 13(6): 735–760.